

Efni: umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir til hagkvæmrar uppbyggingar háhraða fjarskiptaneta, 639. mál

Ferðamálastofa vísar til fyrri umsagnar stofnunarinnar um ofangreint frumvarp og styður þær breytingar sem orðið hafa á efni þess.

Ferðamálastofa vill jafnframt nota tækifærið og ítreka mikilvægi þess að uppbygging háhraða fjarskiptaneta hérlendis verði hagkvæm, hröð og skilvirk. Afkoma ferðaþjónustufyrirtækja hefur verið undir væntingum síðustu ár, sérstaklega þeirra sem staðsett eru á landsbyggðinni. Í því ljósi er mikilvægt að hafa hugfast að stafræn tækni býður upp á ótal tækifæri til framfara.

Stafræn tækni mun hafa verulega áhrif á þjónustu við ferðamenn, upplifun þeirra, markaðssetningu fyrirtækja, nýsköpun, öryggismál, sjálfbærni, og nýtingu gagna til hagsbóta fyrir ferðamenn, ferðaþjónustuaðila jafnt sem hið opinbera og almenning. Háhraða fjarskiptanet og vandaður undirbúningur innviðaupbyggingar í því samhengi er bæði þjóðhagslega mikilvægur, leiðir til betri nýtingar fjármagns og styður við samkeppnishæfni atvinnuveganna, þ.m.t. ferðaþjónustu.

Virðingarfyllst,

F.h. Ferðamálastofu,
Ólafur Reynir Guðmundsson

Fyrri umsögn:

„Frumvarp til laga um ráðstafanir til hagkvæmrar uppbyggingar háhraða fjarskiptaneta felur í sér **afar tímabæra breytingu** á viðhorfi til uppbyggingar stafrænnar tækni. Innviðaupbygging fjarskipta er flókin og kostnaðarsöm og þá má leiða að því rök að uppbygging efnislegra grunnvirkja sé mörkuð margvíslegum markaðsbrestum. Um er að ræða innleiðingu á samsvarandi tilskipun Evrópuþingsins og Evrópuráðsins og þótt líkur séu á að efni tilskipunarinnar eigi sérstaklega mikið erindi við hinar dreifðu byggðir meginlands Evrópu mun efni frumvarpsins án vafa hafa jákvæð áhrif hér á landi.

Í þessu samhengi vill Ferðamálastofa geta þess að stofnunin vinnur um þessar mundir að margvíslegum verkefnum tengdum stafrænni væðingu ferðaþjónustu, bæði á grunni innlendra verkefna og norrænna samstarfsverkefna. Forsenda aukinnar arðsemi í ferðaþjónustu er aukin nýting stafrænnar tækni. Uppbygging innviða er því grundvallaratriði sérstaklega m.t.t. hinna dreifðari byggða, sem glíma mörg hver við óhagsstæð rekstrarskilyrði.

Meginhugsun frumvarpsins er að gera fjarskiptafyrirtækjum auðveldar að leggja ný ljósleiðaranet, sem ætlað er m.a. að koma í stað fyrirbyggjandi koparþráða (ADSL). Þetta er gert með því að stuðla að því að fjarskiptafyrirtæki nýti fyrirbyggjandi innviði á öðrum sviðum og með því að fjarskiptafyrirtæki viti af eða geti tekið þátt í ýmsum jarðvegs- og innviðaframkvæmdum, sem fyrirhugaðar eru, m.a. í tengslum við veitufuramkvæmdir. Til að ná því markmiði þarf að auka gegnsæi og samráð um mannvirkjagerð, skipulagsmál og leyfisveitingar þvert á stjórnkerfi ríkis, sveitarfélaga og aðgerðir einkaaðila á markaði. **Frumvarpið nær því markmiði.**

Brátt fer að líða að því að endingartími ljósleiðarahrings landsins líði undir lok. Þótt framkvæmdir standi víða yfir m.a. á vegum sveitarfélaga og fyrirtækja s.s. Gagnaveitu Reykjavíkur og Mílu, svo dæmi sé tekið, þá er verkefnið umfangsmikið og vandmeðfarið. Sú hættu er enn fremur fyrir hendi að ýmsir **þéttbýlisstaðir** úti á landi njóti ekki uppbyggingar innviða eins og eðlilegt væri m.a. á grunni markaðsbresta. Tækifæri til uppbyggingar háhraðatenginga á slíkum stöðum eru færri en annars staðar, m.a. þar sem jarðvegsframkvæmdir og önnur uppbygging innviða er minni að umfangi. Slíkt leiðir til þess að tækifæri til að koma ljósleiðara til notenda heimtauga samhliða lagningu s.s. nýrra röra, skurða, rafmagns og annarra sambærilegra leiða eru færri. Rétt er að stjórnvöld hafi þetta í huga m.a. við **mat á árangri** og áhrifum frumvarpsins til lengri tíma litið.

Mikilvægt er að efni frumvarpsins verði **kynnt hagmsunaaðilum** með markvissum hætti. Fyrirtæki um land allt, auk sveitarfélaga, hafa um nokkur skeið hafið umtalsverða endurnýjun á svokölluðum ljósleiðararing landsins. Þessir aðila eru þó margir og framkvæmdir ekki ávallt samræmdar eins og best verður á kosið.

Loks vill Ferðamálastofa benda á að tilskipun Evrópuþingsins og Evrópuráðsins felur í sér lágmarkssamræmingu og íslensk stjórnvöld geta innleitt ráðstafanir sem ganga lenra en þau lágmarksviðmið sem tilskipunin tekur til. Í því ljósi skal góðfúslega bent á skilgreiningu frumvarpsins á „háhraða fjarskiptaneti“, þar sem lágmarksviðmið er 30 megabita hraði á sekúndu. Slíkt viðmið er þegar langt undir kröfum markaðsaðila og notenda í íslensku samhengi.“

F.h. Ferðamálastofu,

Ólafur Reynir Guðmundsson